



Maí 2023

ÓRÁÐSTAFAD RÝMI Í MIÐGARÐI

Tillaga ípróttu - og tómstundaráðs Garðabæjar



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Nýting hússins frá opnun.....	4
3. Verklag ípróttu- og tómstundaráðs við mótun tillögu	5
4. Samráð	5
4.1. Samráð við íbúa.....	5
4.1.1. Hugmyndir íbúa sem passa ekki.....	6
4.1.2. Hugmyndir um sérhæfð rými og fjölnota Sali	8
4.2. Samráð við frjáls félög í Garðabæ	8
4.2.1. Félag eldri borgara í Garðabæ (FEBG).....	9
4.2.2. Júðófélag Garðabæjar	9
4.2.3. Taflfélag Garðabæjar	9
4.2.4. Karatefélag Garðabæjar	9
4.2.5. Ungmennafélagið Stjarnan.....	9
4.2.6. Önnur félög	11
4.3. Samráð við Ungmennaráð Garðabæjar	11
4.4. Samráð við Öldungaráð Garðabæjar og félög eldri borgara	12
4.5. Samráð við Íþróttasamband fatlaðra, Frístundaheimilið Garðahraun og fjölskyldusvið Garðabæjar	13
5. Sjálfstætt starfandi aðilar	14
6. Tillaga ÍTG um nýtingu á rými á 2. og 3. hæð í Miðgarði.....	15
6.1. Forsendur tillögunnar	15
6.1.1. Mögulegt tímabundið skólalald í óráðstafaða rýminu	16
6.2. Almennt um tillögu ÍTG.....	16
6.3. 2. hæð	18
6.4. 3. hæð	20
7. Lokaorð.....	23

1. Inngangur

Miðgarður er nýtt fjölnota íþróttahús sem nú er risið í Vetrarmýri en bygging hússins er ein stærsta framkvæmd sem Garðabær hefur ráðist í. Það var í lok árs 2018 sem að Garðabær samdi við Íslenska aðalverktaka (ÍAV) um alútböð á verkinu en hönnuðir hússins eru ASK arkitektar. Verkis verkfræðistofa sá um verkfræðihönnun og ÍAV byggði húsið. Framkvæmdir hófust í byrjun árs 2019 og 5. febrúar 2022 opnaði húsið til æfinga á knattspyrnuvelli. Íþróttahúsið í Miðgarði var síðan formlega vígt 30. apríl 2022.

Miðgarður er fjórða íþróttamiðstöðin í Garðabæ. Fyrir er Íþróttamiðstöðin Ásgarður, upphaflega byggður árið 1974 en nýrri hlutar miðstöðvarinnar eru frá 1989 (nýrri íþróttasalurinn) og 2010 (fimleikahús), Íþróttamiðstöðin við Breiðumýri á Álftanesi frá 1989, og Íþróttamiðstöðin Mýrin sem vígð var árið 2004. Einnig má nefna íþróttahús við Sjólandsskóla og nú er fyrirhugað að íþróttahús verði byggt í 3. áfanga Urriðaholtsskóla. Því til viðbótar eru fjórir golfvellar í Garðabæ, þrjú klúbbhús Golfklúbbanna, tvær reiðhallir og þrír knattspyrnuvellar í fullri stærð auk minni knattspyrnuvalla í Fitjum við Hraunholtslæk og í Urriðaholti. Loks eru tvær almenningssundlaugar í Garðabæ og tvær aðrar innanhúss sundlaugar í Mýrinni og Sjólandsskóla. Í fyrirhugaðri uppbyggingu í Urriðaholti er gert ráð fyrir fimmtu sundlauginni í Garðabæ.

Miðgarður er með rými fyrir knattspyrnuvöll í fullri stærð og klifurvegg innanhúss auk teygju- og upphitunaraðstöðu og fyrsta flokks styrktar- og þrekæfingaaðstöðu, ásamt tilheyrandi stoðrymum og er því mikil lyftistöng fyrir íþróttar- og heilsueflandi starfsemi í Garðabæ. Stærð íþróttasalarins er um 80x120 metrar og um 800 áhorfendur rúmast á svölum íþróttasalarins. Í hliðarrýmum sunnan megin í byggingunni eru tvær óráðstafaðar hæðir um 1600 m² að stærð hvor um sig þar sem er gert ráð fyrir heilsutengdri starfsemi. Með anddyri og öðrum stoðrymum er flatarmál hússins um 18.200 m².

Í fyrsta áfanga Miðgarðs var íþróttasalurinn auk teygju- og upphitunaraðstöðu, styrktar- og þrekæfingaraðstöðu og klefar fullkláraðir. Enn á þó eftir að ráðstafa téðum óráðstöfuðum hæðum sem samtals eru um 3.200 fermetrar að stærð. Í framtíðarskipulagi er gert ráð fyrir knattspyrnuleikvangi, æfingavöllum fyrir knattspyrnu og alhliðaíþróttahúsi sem tengt verður núverandi íþróttahúsi í Miðgarði.



Mynd 1 - Hér má sjá framtíðarskipulag yfir íþróttamiðstöðina í Miðgarði. Knattspyrnuleikvangur, æfingavellir fyrir knattspyrnu og alhliðaíþróttahús er á meðal þess sem gert er ráð fyrir.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 18. ágúst 2022 tillögu Hrannars Braga Eyjólfssonar, formanns íþróttar- og tómstundaráðs (ÍTG) og Hörpu Rósar Gísladóttur, formanns öldungaráðs Garðabæjar og nefndarmanns í ÍTG, um að íþróttar- og tómstundaráði Garðabæjar yrði falið að gera tillögu um ráðstöfun rýmisins. Tillagan var svohljóðandi:

Bæjarstjórn samþykkir að fela íprótta- og tómstundaráði Garðabæjar að hefja vinnu við skipulagningu á óráðstafaða rýminu sem til staðar er í nýju fjölnota ípróttahúsi Garðabæinga, Miðgarði. Íprótta- og tómstundaráð skal hafa til hliðsjónar við vinnu sína að húsið nýtist sem flestum Garðabæingum, bæði ungum sem öldnum, og styðji og auki við þá fjölbreyttu flóru almennrar lýðheilsu, íprótta og heilsutengdrar starfsemi sem fyrirfinnst í Garðabæ. Ráðið skal horfa sérstaklega til þess að mæta ólíkum hópum, fötluðum sem ófötluðum, jafnt keppnismiðuðum ípróttum sem og annarri ástundun og hreyfingu sem styðja við forvarnir og heilsueflingu bæjarbúa. Stefna skal að því að fjölbreytt heilsutengd starfsemi verði þar starfrækt jafnt af frjálsum félögum og sjálfstætt starfandi aðilum.

Íprótta- og tómstundaráð skal leitast eftir að hafa samráð við aðrar nefndir, ungmennaráð, öldungaráð, frjáls félög og íbúa í bænum við mótun tillagna um ráðstöfun rýmisins.

Í greinargerð sem fylgdi tillögunni var því sérstaklega beint til ráðsins að hafa það til hliðsjónar að rýmið nýtist sem flestum Garðabæingum og styðji við þá fjölbreyttu flóru íprótta og heilsutengdrar starfsemi sem fyrirfinnst í Garðabæ. Þannig átti ráðið að horfa til þess að rýmið nýtist æskulýðsstarfi, almenningsípróttum, heilsutengdum forvörnum og félagsstarfi eldri borgara. Liður í þessari nálgun er að einnig verði horft sérstaklega til þess að mæta ólíkum hópum, jafnt keppnis- og afreksípróttum, fólki með fötlun sem og annarri ástundun og/eða hreyfingu.

Í greinargerðinni var jafnframt tekið fram að ráðið skyldi stefna að því að fjölbreytt heilsutengd starfsemi verði starfrækt í rýminu og sérstaklega líta til þess að sjálfstætt starfandi aðila, sem og frjálsu félögin, geti hafið rekstur á starfsemi sem nýtist sem flestum Garðabæingum, bæði ungum og öldnum.

Í íprótta- og tómstundaráði Garðabæjar sitja Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður, Einar Örn Ævarsson, Harpa Rós Gísladóttir, Harpa Þorsteinsdóttir og Laufey Jóhannsdóttir.

Í greinargerð þessari verður fjallað um vinnu og tillögu ÍTG. Fyrst verður þó fjallað um nýtingu ípróttahússins frá opnum. Að svo búnu verður fjallað um vinnulag ÍTG, samráð við íbúa og frjáls félög í Garðabæ, ungmennaráð, öldungaráð og félög eldri borgara, ípróttasamband fatlaðra, Frístundaheimilið Garðahraun og fjölskyldusvið Garðabæjar. Þá verður stuttlega fjallað um áhuga sjálfstætt starfandi aðila á aðstöðu í rýminu áður en tillaga ÍTG að ráðstöfun rýmisins er lögð fram. Greinargerðinni lýkur síðan með lokaorðum formanns íprótta- og tómstundaráðs Garðabæjar, Hrannars Braga Eyjólfssonar.

2. Nýting hússins frá opnun

Frá því að húsið var formlega opnað til æfinga í febrúar 2022 hefur virk og fjölbreytt starfsemi farið þar fram. Knattspyrnudeildir Ungmennafélagsins Stjörnunnar og Ungmennafélags Álftaness hafa nýtt húsið til knattspyrnuæfinga bæði meistaraflokka og yngri flokka. Aðrar deildir þessara félaga hafa einnig nýtt þrek- og lyftingarsal í húsinu. Lyftingardeild Stjörnunnar hefur fast æfingasvæði í lyftingarsal hússins. Einnig hefur almenningsípróttadeild Stjörnunnar, hlaupahópur Stjörnunnar og Félag eldri borgara í Garðabæ nýtt göngu- og skokkbraut í húsinu auk þreksals. Aðgangur að göngu- og skokkbrautinni er jafnframt öllum opin og hafa margir íbúar nýtt sér aðstöðuna í vetur. GKG hefur einnig verið með morgunæfingar einu sinni í viku fyrir afrekskyflinga.

Ípróttafélagið Ösp hefur verið með æfingar einu sinni á viku í Miðgarði og einu sinni í viku í Sjálandsskóla. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir hefur verið þjálfari á þessum æfingum.

Klifurhúsið hefur staðið fyrir námskeiðum og þjálfun í línuklifri í klifurveggnum sem er inni í íþróttasal. Klifurveggurinn er jafnframt opin á daginn öllum þeim sem hafa réttindi til að stunda línuklifur.

Í óráðstafaða rýminu hefur bogfimi verið æfð en innanhússaðstaða fyrir íþróttina er af skornum skammti og því hefur það verið kærkomið æfingapláss fyrir afreksfólk.

Í október 2022 samdi Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) við Garðabæ um æfingar yngri landsliða í Miðgarði til næstu þriggja ára. Samkvæmt samningnum fær KSÍ til afnota aðstöðu á skilgreindum rýmum í Miðgarði á tilteknum tíma dagsins, en um er að ræða bæði knattspyrnusalið og stoðrymi, s.s. búninga- og sjúkrahvergi, fundar- og mataraðstöðu, dómara- og þjálfarahvergi og þrekæfingarsvæði með gervigrasi. Við undirritun samningsins lagði bærarstjóri Garðabæjar, Almar Guðmundsson, sérstaka áherslu á að húsið nýtist fyrst og fremst ungum sem öldnum íbúum Garðabæjar en að samstarf við KSÍ væri kærkomin viðbót sem hefði það að verkum að húsið nýtist ennþá betur. „Það er jákvætt og hvetjandi fyrir yngri iðkendur í íþróttafélögum Garðabæjar að hið faglega starf og æfingar yngri landsliða fari fram.“¹ Landsleikir yngri landsliða KSÍ hafa farið fram í húsinu. Sá fyrsti þeirra fór fram 23. febrúar 2022 þegar Ísland tók á móti Sviss í U-16 ára flokki kvenna. Ísland fór með 4-1 sigur af hólmi.²

Taflfélag Garðabæjar hefur nýtt rými á 2. hæð hússins í æfingar og keppni. Þá hafa skólaíþróttir skóla í Garðabæ farið fram í húsinu. Íþróttakennsla Barnaskólans á Víflsstöðum og Urriðaholtsskóla fer að jafnaði fram í húsinu, auk þess sem að nemendur í Hofsstaðaskóla og Flataskóla hafa sótt kennslu í húsið frá opnun þess.

Dagana 11.-13. nóvember 2022 var Norðurlandamót í ólympískum lyftingum U-19 ára haldið í Miðgarði. Yfir 130 erlendir gestir og keppendur komu til landsins í tengslum við mótið. Almenn ánægja var með Miðgarð sem keppnisaðstöðu í mótum af þessu tagi en aðstaða til lyftinga þykir framúrskarandi í húsinu.

3. Verklag íþrótt- og tómstundaráðs við mótun tillögu

Fyrsti fundur ÍTG um verkefnið fór fram 31. ágúst 2022. Til umræðu var starfsáætlun og einnig fór ráðið í vettvangsferð í Miðgarð ásamt Kára Jónssyni, íþrótt-, forvarnar- og tómstundafulltrúa, Helga Má Halldórssyni, arkitekt hússins og Hlyni Rúnarssyni, þáverandi forstöðumanni Miðgarðs. Hlynur hóf störf í Miðgarði 1. janúar 2022 en lét af störfum í byrjun árs 2023. Í hans stað var ráðinn Viðar Helgason, sem hóf störf 1. febrúar 2023.

Það var síðan á fundi ÍTG 7. september 2022 sem ákvörðun var tekin um hvernig haga skyldi verk- og vinnulagi ráðsins vegna verkefnisins. Ákveðið var að aðal umræðu- og ákvörðunarvettvangur væru sérstakir fundir ÍTG vegna verkefnisins í samræmi við setta starfsáætlun sem ráðið samþykkti á fundinum. Einnig var ákveðið að opið svæði og gagnagátt á Microsoft Teams yrði notað á milli funda.

Ákveðið var að haga samráði við þá aðila sem nefndir voru í tillögu bærarstjórnar á þennan hátt:

- Opna samráðsgátt í gegnum Betra Ísland fyrir íbúa.
- Senda dreifibréf á félög í bænum og óska eftir óskum þeirra og hugmyndum.

¹ <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/utgefid-efni/frettir/aeingar-yngri-landslida-i-midgard-naestu-thrju-arin>

² <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/utgefid-efni/frettir/fyrsti-landsleikurinn-i-midgard>

- Einnig bjóða félögunum á fund ÍTG ef þau vildu greina betur frá hugmyndum sínum.
- Boða ungmennaráð, öldungaráð og félög eldri borgara á sérstakan fund.
- Boða fulltrúa Íþróttasambands fatlaðra, Frístundaheimilisins Garðahrauns og fjölskyldusviðs Garðabæjar á fund til að ræða þarfir fatlaðra barna og ungmenna.

Íþrótt- og tómstundaráð fundaði alls 10 sinnum um verkefnið.

4. Samráð

Í samþykktri tillögu bæjarstjórnar var íþrótt- og tómstundaráði uppálagt að eiga samráð við íbúa, frjálsu félögin í bænum, ungmennaráð, öldungaráð og félög eldri borgara – og einnig átti ráðið að horfa til þess að mæta sem flestum Garðbæingum, ungum sem öldnum, fötluðum sem ófötluðum, og reyna að mæta þörf um keppnismiðaða ástundun og almenna hreyfingu. Hér að neðan er greint frá því samráði sem ÍTG átti í því skyni að mæta tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar.

4.1. Samráð við íbúa

Þann 14. september opnaði samráðsgátt í gegnum Betra Ísland verkefnið þar sem íbúar Garðabæjar voru spurðir: „Hvaða starfsemi vilt þú sjá í Miðgarði?“ Þar gátu íbúar Garðabæjar skráð sig og sett inn hugmynd um hvað ætti að gera við rýmið í Miðgarði. Einnig gátu íbúar skrifað athugasemdir undir aðrar hugmyndir, sett inn rök með eða á móti og gefið til kynna að þeir styddu hugmyndir með því að líka við hana.³

Samráðsgáttin var opin frá 14. september til og með 2. október, en að því loknu vann ÍTG úr hugmyndunum og hafði þær til hliðsjónar við mótun þeirra tillagna sem ráðinu er ætlað að skila til bæjarstjórnar.

34 hugmyndir bárust, 225 íbúar tóku afstöðu til hugmyndanna og 76 lögðu orð í belg með því að skrifa athugasemd.⁴ Íþrótt- og tómstundaráð tók hugmyndir íbúanna til umræðu á fundi sínum 5. október 2022. Skipta má hugmyndum sem bárust frá íbúum í þrennt, (i) fjölnota salir, (ii) sérhæfð rými og (iii) hugmyndir sem passa ekki. ÍTG flokkaði hugmyndirnar eftir þessum þremur flokkum í vinnu sinni. Hér að neðan má sjá sundurliðun hugmyndanna:

1. Fjölnota salir	2. sérhæfð rými	3. Hugmyndir sem passa ekki
Klifið – skapandi setur	Líkamsræktarsalur fyrir eldri borgara	Líkamsræktaraðstaða fyrir almenning
Dansskóli fyrir alla aldurshópa	Kaffítería með les-, vinnu- og lærdómsaðstöðu.	Skvassvellir
Litlir fjölnota salir	Karate-, júdó- og Taekwondo salur með dýnum.	Tennis/badminton salir
Pílu- og poolaðstaða	Raíþróttaaðstaða	Padel-tennis vellir
Borðtennisaðstaða	Heilsumiðstöð – sjúkráþjálfarar, kiropraktorar ofl.	Hjólábrettapallar
Aðstaða fyrir fatlaða	Þurrufuböð – gufuböð fyrir helgisiði	Íþróttavörubúð
Leikja- og boltanámskeið fyrir þau yngstu	Keilusalur	Körfuboltasalur
Balletaðstaða	Leikjasalur fyrir börn	Sprettbraut
Aðstaða fyrir skýlmingar		Parkour-salur

³ <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/utgefing-efni/frettir/hvad-skal-vera-i-midgard-i-1>

⁴ Upplýsingar miðað við 25. apríl 2023.

Aðstaða fyrir Taíffélag Garðabæjar	Skautasvell
---------------------------------------	-------------

4.1.1. Hugmyndir íbúa sem passa ekki

Við vinnu ÍTG voru allar hugmyndir teknar til greina en eftir umræður var komist að þeirri niðurstöðu að sumar þeirra þössuðu ekki inn í það rými eða rúmuðust innan þeirra skilyrða sem tillaga bæjarstjórnar setti fram. Í þessum kafla er ætlunin að útskýra hvers vegna þessar hugmyndir hlutu ekki brautargengi hjá ÍTG.

Líkamsræktaraðstaða fyrir almenning

Þegar sveitarfélög reka aðstöðu til líkamsræktar getur komið upp sá vandi að samkeppni raskast á markaði þar sem rekstur mannvirkjanna og þeirra starfsemi sem þar fer fram stendur ekki alltaf undir sér. Þegar svo ber undir niðurgreiðir sveitarfélagið í raun kostnað umfram tekjur af rekstrinum, sem einkaaðilar njóta ekki. Það skapar verulega skerta samkeppnisstöðu einkaaðila á viðkomandi markaði. Samkeppniseftirlitið hefur gripið til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni skv. b. lið 1. mgr. 16. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í nokkrum tilvikum hefur eftirlitið kveðið á um að líkamsræktarsalir sveitarfélaga sem reknir eru í samkeppni við líkamsræktarsali einkaaðila skuli reknir með kostnaðarlegum aðskilnaði frá annarri íþróttaaðstöðu.

Með þessi samkeppnissjónarmið í huga telur ÍTG að rekstur sveitarfélagsins á líkamsræktaraðstöðu fyrir almenning sé ekki vænlegur kostur í óráðstafaða rýminu. Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið að einkaaðilar komi upp þess konar starfsemi í húsinu eða íþróttamannvirkjum sem byggð verða á svæðinu í framtíðinni.

Skvassvellir, Tennis/badminton/Padel salir, körfuboltasalur.

Sú aðstaða sem verður í óráðstafaða rýminu í Miðgarði er bundin af lofthæð á 2. og 3. hæð. Lofthæðin á 2. hæð er í dag frá 3,07-3,21 m, þ.e. frá gólfi og undir steypa plötu. Ætla má að lofthæðin verði einhverju minni þegar búið verður að innrétta hæðina. Til viðmiðunar er lofthæð á forsal á 2. hæð 2,6 m. Á 3. hæð er lofthæð frá gólfi og upp að þaki sem byggt er upp af stálvirki frá 3,27-3,68 m.

Þar sem að skvass, tennis, badminton, padel og körfubolti eru allt í íþróttir sem krefjast mikillar lofthæðar telur ÍTG að hugmyndirnar, sem þó eru góðar, séu ekki vænlegar í þetta rými.

- Skvass = 5,64 m. lofthæð.
- Padel = 4 m. lofthæð.
- Innanhúss tennis = 9 m. lofthæð.
- Badminton = 12 m. lofthæð.
- Körfubolti = Allra minnst 5 m. lofthæð.

Umræddar íþróttir munu þó mögulega geta nýtt önnur íþróttamannvirki á svæðinu sem eru á framtíðarskipulagi, s.s. alhliða íþróttahús sem fyrirhugað er vestan við núverandi íþróttahús.

Hjólábrettapallar, parkoursalur, skautasvell, sprettbraut.

Vegna þess hve sérhæfð umrædd rými eru og plássfrek taldi ÍTG þær ekki vænlegan kost fyrir óráðstafaða rýmið á 2. og 3. hæð.

Íþróttavöruverslun

Í tillögu ÍTG er ekki gert ráð fyrir íþróttavöruverslun í óráðstafaða rýminu en vel má hugsa sér að slík verslun geti komið í önnur rými í Miðgarði þannig að vel rími við aðra starfsemi í húsinu og þá í samstarfi við félögin í bænum.

4.1.2. Hugmyndir um sérhæfð rými og fjölnota sali

Hugmyndir almennings um sérhæfð rými og fjölnota sali voru einnig teknar til umræðu. ÍTG hafði þær til hliðsjónar við mótun tillögu sinnar eins og nánar er greint frá í kafla 6.

4.2. Samráð við frjáls félög í Garðabæ

Í tillögunni sem samþykkt var í bæjarstjórn var því beint að ÍTG að eiga samráð m.a. við frjálsu félögin í bænum við mótun tillagna um ráðstöfun rýmisins. Snemma var ákveðið að senda félögunum í bænum dreifibréf og kalla eftir óskum þeirra og bjóða upp á fund með ráðinu ef vilji væri fyrir því að skýra hugmyndir þeirra betur.

Dreifibréf var sent út til frjálsra félaga í Garðabæ 29. september 2022 þar sem kallað var eftir óskum þeirra. Einnig var auglýst eftir umsóknum félagasamtaka á heimasíðu Garðabæjar og á samfélagsmiðlum. Í bréfinu var spurt: „Hvaða þarfir hefur þitt félag fyrir aðstöðu í Miðgarði?“ ÍTG óskaði eftir því að upplýsingar um eftirfarandi myndi koma fram í erindi félaganna:

1. Hve stórt rými í fermetrum talið telur félagið sig þurfa?
2. Hvaða aðstöðu getur félagið nýtt með öðrum í húsinu eða hvað geta aðrir líka nýtt af þeirri aðstöðu sem félagið óskar eftir?
3. Hve stór hluti umbeðins rýmis telst til sérhæfðrar aðstöðu fyrir félagið?
4. Hvernig sér félagið fyrir sér að nýta sér þá aðstöðu sem er fyrir í húsinu, s.s. þreksal og annað?

Eftirfarandi félög fengu bréf íþrótta- og tómstundaráðs:

- Ungmennafélag Álftaness
- Ungmennafélagið Stjarnan
- Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar (GKG)
- Golfklúbburinn Oddur
- Golfklúbburinn Álftanesi
- Lyftingafélag Garðabæjar
- Hestamannafélagið Sprettur
- Tennisfélag Garðabæjar
- Taflfélag Garðabæjar
- Júðófélag Garðabæjar
- Karatefélag Garðabæjar
- Félag eldri borgara í Garðabæ (FEBG)
- Klifurhúsið
- Dansskóli Birnu Björns
- Dansskóli Brynju Péturs

Félögin höfðu frest til 24. október 2022 til að koma óskum sínum á framfæri við ÍTG. Svarbréf átti að berast á netfang íþrótta-, forvarnar- og tómstundafulltrúa Garðabæjar. Þessi félög skiluðu erindum til ÍTG:

- Félag eldri borgara í Garðabæ (FEBG)
- Júðófélag Garðabæjar
- Taflfélag Garðabæjar

- Karatefélag Garðabæjar
- Ungmennafélagið Stjarnan

Einnig bárust hugmyndir frá áhugamönnum um borðtennis og sjálfstætt starfandi dansskóla.

4.2.1. Félag eldri borgara í Garðabæ (FEBG)

Nánar er fjallað um óskir Félags eldri borgara í Garðabæ í kafla 4.4. um samráð við öldungaráð og félög eldri borgara í Garðabæ.

4.2.2. Júðófélag Garðabæjar

Júðófélag Garðabæjar (JG) skilaði erindi til ÍTG. Í erindinu kom fram að það telur sig þurfa 650 fermetra, þar af 336 fermetra fyrir júðódýnusvæði til æfinga en rest fyrir útdraganlega áhorfendabekki, skiptiklefa, setustofu, tækjageymslu, litla skrifstofu/geymslu, kaldur pottur og sauna. Um er að ræða sérhæft rými fyrir JG en þó var tekið fram í erindi félagsins að aðrir gætu nýtt rýmið t.d. undir styrktar- og liðleikaæfingar.

Félagið taldi sig geta nýtt klifurvegginn, lyftingarsal og klefa á neðstu hæð hússins fengi það aðstöðu í Miðgarði.

Júðófélagið lagði áherslu á að það þyrfti gott aðgengi að rýminu til að geta haldið uppi kröftugu starfi fyrir Garðabæinga. Félagið hefur nú aðstöðu í íþróttasal Sjálandsskóla.

4.2.3. Taflfélag Garðabæjar

Taflfélag Garðabæjar óskaði eftir rými sem það hyggt nýta milli 19-22 á kvöldin, en fyrr um daginn fyrir börn og unglina og einnig um helgar. Um er að ræða sal sem er u.þ.b. 100-150 fm. þá þannig að stillt sé upp fyrir 20 manns í einu eða 10 borð að jafnaði. Auk þess þyrfti félagið góðan aðgang að læstri geymslu.

Í erindi Taflfélagsins kom einnig ósk um veitingaaðstöðu, skjávarpa, aðstöðu fyrir foreldra, verðlaunaskáp í almenningsrými, aðgang að litlum fundarherbergjum og afþreyingaraðstöðu. Félagið taldi einnig fram að „drauma aðstaða“ væri ef félagið hefði aðgang að sameiginlegri skrifstofu með öðrum félögum og fastan skáksal með útsendingarbúnaði.

4.2.4. Karatefélag Garðabæjar

Karatefélag Garðabæjar telur mikilvægt að eignast fastan samastað í Garðabæ með góðri tengingu frístundabíls. Félagið hefur hingað til haft aðstöðu í íþróttasal Sjálandsskóla og í danssal í Ásgarði.

4.2.5. Ungmennafélagið Stjarnan

Forráðamenn Stjörnunnar funduðu með ÍTG 16. nóvember 2022. Á fundinum var farið yfir bréf Stjörnunnar til ÍTG sem innihélt hugmyndir sem komið höfðu frá deildum félagsins. Sjö deildir starfa innan Stjörnunnar, þ.e. almenningsíþróttadeild, fimleikadeild, handknattleiksdeild, knattspyrnadeild, körfuknattleiksdeild, lyftingadeild og sunddeild.

Í bréfinu kom fram að á fundi aðalstjórnar 12. september 2022 hefði verið ákveðið að skipa starfshóp innan Stjörnunnar sem myndi taka það að sér að ræða við deildir félagsins og óska eftir hugmyndum um óráðstafað rými í Miðgarði á 2. og 3. hæð. Í ferlinu var haft samband við allar deildir og tillögur bárust frá fjórum deildum, þ.e. handknattleiksdeild, lyftingadeild, knattspyrnadeild og körfuknattleiksdeild.

Tillögur aðalstjórnar eftir samtalið voru eftirfarandi (orðrétt úr bréfi Stjörnunnar):

Nýtt aðsetur Stjörnunnar

- Stjarnan hefur hafið stefnumótun innan félagsins ein af þeim meginspurningum sem þar þarf að svara er hvar verður meginstarfsemi félagsins staðsett til framtíðar. Það verður að teljast líklegt að með aukinni uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í Vetrarmýrinni að félagið muni vilja flytja meginstarfsemi félagsins þar á meðal skrifstofur félagsins upp í Vetrarmýri, hvort heldur og jafnvel bæði, í Miðgarð og þar sem nýr knattspyrnuleikvangur mun byggjast upp. Hjarta félagsins verður þá í Vetrarmýri þar sem vonandi flestar ef ekki allar deildir munu spila á efstu stigum afreksstarfsins, en að sjálfsögðu mun félagið áfram sinna þjónustu á Ásgarðssvæðinu, í Mýrinni og í Urriðaholti.
- Þá er það jafnframt skýr vilji félagsins til þess að taka að sér rekstur Miðgarðs og annarra íþróttamannvirkja á svæðinu með sambærilegum hætti og félagið hefur gert farsælega á Stjörnuvelli. Aðalstjórn félagsins telur mikilvægt að Garðabær reki Miðgarð fyrstu 2-3 árin meðan reynsla kemst á rekstur húsnæðisins en að félagið taki síðan að sér reksturinn. Félagið er tilbúið til viðuræðna við Garðabæ um þennan möguleika hvenær sem er. Stjarnan telur mikilvægt að útleiga til þriðju aðila (Heilsumiðstöð) eigi sér ekki stað fyrir en félagið hefur tekið yfir að sér rekstur mannvirkisins, jafnframt telur félagið að öll leiga til þriðja aðila vegna aðstöðu þar renni til Garðabæjar þegar þar að kemur og lýsir sig tilbúna til viðuræðna og samstarfs með hvaða hætti þetta gerist.

Veitingaþjónusta

- Veitingaþjónusta fyrir gesti og gangandi. Jafnframt væri æskilegt að geta haft aðstöðu til sölu á íþróttavörum Stjörnunnar á svæðinu.

Salir fyrir leikfimi – rýmkar um leið í Ásgarði

- 2-3 salir sem gætu rýmkað til fyrir körfuknattleiksdeild í Ásgarði. Salirnir þyrftu að geta rýmt þá þjónustu sem við erum með fyrir eldra fólkið í bænum, dansskóla o.s.frv.

Hátíðarsalur fyrir allt að 350 manns með eldhúsaðstöðu

- Eins og staðan er í dag er félagið ekki með neina aðstöðu fyrir stærri viðburði. Félagið sér fyrir sér 350 manna sal með eldhúsaðstöðu þar sem hægt er að halda fjáröflunarkvöld félagsins ásamt því að það væri möguleiki á því að afla tekna fyrir rekstraraðila hússins með útleigu á slíkri einingu. Væri klókt að geta skipt salnum upp í 3-4 smærri sali þannig að það sé hægt að halda smærri viðburði í honum líka. Jafnvel má hugsa sér að slíkir salir gætu nýst fyrir leikfimi o.fl. þess á milli.

Salur fyrir leikmannafundi

- Salur fyrir leikmannafundi. Salurinn þyrfti að rúma 30 manns og vera útbúinn búnaði fyrir leikmannafundi.

Aðstaða sem hægt er að nýta í leikgreiningar, útbúið tölvubúnaði

- Aðstaða fyrir leikgreiningar þjálfara. Íþróttir í dag eru sífellt að þróast í þá átt að þjálfarar og leikmenn eru farnir að nýta sér tæknina í auknum mæli.

Rými fyrir iðkendur þar sem hægt er að vera fyrir og eftir æfingar

- Rými fyrir iðkendur þar sem þau geta mætt aðeins fyrr á æfingar og sinnt félagslega þætti íþróttanna. Einnig gætu þau farið í þetta rými þegar æfingu lýkur, má þar hugsa sér sjónvarpsaðstöðu, billiard borð, borðtennisborð, spark-borðtennis, skákborð og spil.

Aðstaða fyrir heilsumiðstöð

- Aðstaða fyrir sálfræðinga, sjúkrabjálfa, líkamlegar mælingar og fleira.

Aðrar ábendingar í tengslum við daglegan rekstur Miðgarðs

- Rýmri opnunartími
- Skilgreina upphitunarsvæðið sem klætt er gervigrasi betur
- Iðkendur upplifa sig í sumum tilfellum óvelkomna nema á æfingatíma
- Finna leiðir til að iðkendur geti komið utan æfingatíma og æft aukalega
- Mikilvægt er að uppbygging bílastæðahús, verði í takt við aukin umsvif á svæðinu

4.2.6. Önnur félög

Önnur félög skiluðu ekki inn óskum. ÍTG leggur þó áherslu á að það útilokar ekki að önnur félög fái inni í húsinu þegar það hefur verið innréttað. ÍTG væntir góðs samstarfs við félögin í bænum nú sem endranær.

4.3. Samráð við Ungmennaráð Garðabæjar

Ungmennaráð var boðað á fund ÍTG þann 30. nóvember 2022. Fyrir hönd ráðsins mætti Valgerður Eyja Eypórsdóttir, formaður og fulltrúi Álfstanesskóla, og Tómas Þór Jakobsen, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Klakans í Sjólandsskóla og starfsmaður Ungmennaráðs.

Valgerður og Tómas fóru yfir hugmyndir ungmennaráðs og fjölluðu um umræður sem fóru fram á fundi ráðsins um Miðgarð. Ungmennaráð nefndi hugmyndir eins og rafíþróttaaðstöðu, veislusal með karíóki og aðsetur ráðsins með minni rýmum til að vera með starfsemi „ungmennahúss.“ Í máli Ungmennaráðs kom m.a. fram að þar gætu farið fram vímalaus fyrirpartý fyrir böll í menntaskólum, svo dæmi væru tekin.

Góðar umræður fóru fram á fundinum um hugmyndir ungmennaráðs og lögð var áhersla á að í Miðgarði væri afdrep fyrir unga fólkið í Garðabæ þar sem þau gætu stundað heilbriggt og gott félagslíf.

4.4. Samráð við Öldungaráð Garðabæjar og félög eldri borgara

ÍTG bauð fulltrúum Öldungaráðs Garðabæjar og félögum eldri borgara í bænum á fund sinn 19. október 2022. Frá öldungaráði mættu Harpa Rós Gísladóttir og Laufey Jóhannsdóttir, sem báðar eiga einnig sæti í ÍTG. Þær greindu frá umræðum sem fóru fram á fundi öldungaráðs um erindi ÍTG. Einnig sat Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu hjá Garðabæ, fund ÍTG 19. október. Hún greindi fundarmönnum frá ýmsum sjónarmiðum stuðnings- og öldrunarþjónustunnar sem reyndust gagnlegar upplýsingar fyrir ráðið. Frá Félagi eldri borgara í Garðabæ (FEBG) kom Anna R. Möller en enginn fulltrúi Félags eldri borgara á Álfanesi (FEBÁ) mætti á fundinn.

Anna gerði grein fyrir bréfi frá stjórn FEBG varðandi óráðstafaða rýmið. Í bréfinu kom fram að félagið legði mikla áherslu á að fá aðstöðu fyrir hluta af starfsemi sinni í Miðgarði, í bréfi FEBG sagði enn fremur: „Öll aðstaða fyrir eldri borgara í Jónshúsi er löngu sprungin og orðið mjög aðkallandi að bæta við félagsaðstöðu fyrir eldri borgara í Garðabæ þar sem hægt er að skipta

sal í tvær eða fleiri einingar.“ Í bréfi FEBG kom enn fremur fram að það væri mjög aðkallandi að bæta við núverandi aðstöðu:

- svo sem möguleika til þess að vera með danskennslu líkt og speglasalurinn í Sjálandsskóla er
- bent hefur verið á aðstöðu fyrir boccia, bogfimikennsla.
- Mjög mikið er kallað eftir æfingasali / æfingatækjum sem henta fyrir aldurshópin 60 + sem og góða líkamsræktarstöð með leiðsögn.
- Þúttæfingasvæði innan húss, aðstaða til þess að koma upp pool æfingaborði,
- Golfhermir.
- Sjúkraþjálfun og þjálfunarsetur / endurhæfingarsetur
- Mjög aðkallandi að fá aukið rými fyrir almennt félagsstarf. Jónshús löngu sprungið
- Verður að vera aðstaða með tvö rými/sali fyrir ólíkt starf á sama tíma
- Þjónustusel fyrir eldra fólk í Urriðaholti en þar eru 5000 íbúar og í Vetrarmýri/Hnoðraholti verða amk. 5000 íbúar. Þessi þjónusta þarf að koma samhliða uppbyggingu hverfanna.

4.5. Samráð við Íþróttasamband fatlaðra, Frístundaheimilið Garðahraun og fjölskyldusvið Garðabæjar

Í samþykkttri tillögu bæjarstjórnar var því beint að ÍTG að horfa sérstaklega til þess að mæta ólíkum hópum, fötluðum sem ófötluðum, jafnt keppnismiðuðum íþróttum sem og annarri ástundum og hreyfingu sem styðja við forvarnir og heilsuefingu bæjarbúa.

Í því skyni að fá umræðu um þessi mál, upplýsingar og hugmyndir boðaði ráðið Rúnu Halldórsdóttur, forstöðukonu Garðahrauns – sértækrar frístundar, Pálu Marie Einarsdóttur, umsjónarproskabjálfa á fjölskyldusviði Garðabæjar, og Önnu Karólínu Vilhjálmisdóttur, framkvæmdastjóra fræðslu- og útbreiðslusviðs Íþróttasambands fatlaðra og framkvæmdastjóra Special Olympics á Íslandi, á fund sinn 30. nóvember 2022.

Á fundinum var íþrótt-, forvarnar- og tómstundafulltrúi Garðabæjar, Kári Jónsson, en vert er að nefna að hann er einnig yfirmaður frjálsíþróttamála hjá Íþróttasambandi fatlaðra.

Það er mikilvægt að hafa í huga að öll fötlun er ekki eins. Fötlun er víðfeðmt hugtak en hún getur verið af margvíslegum toga, bæði líkamlegum og andlegum. Líkamlegar fatlanir geta verið lömun, blinda, lesblinda, heyrnarleysi, svo dæmi séu tekin. Sumir sem eru líkamlega fatlaðir eru hreyfihamlaðir og þurfa að nota hjólastól á meðan aðrir þurfa þess ekki. Andlegar fatlanir geta einnig verið af margvíslegum toga, s.s. fötlun vegna geðrænna vandamála eða þroskahömlunar.

Vinna ÍTG gengur út frá því að mæta sem flestum með þjónustu í Miðgarði. Á fundinum var rætt um aðstöðumál og þarfir fatlaðra í íþróttahúsum og möguleika í Miðgarði í því samhengi.

Rúna Halldórsdóttir, forstöðukona Garðahrauns, ræddi fyrst starfsemi Garðahrauns og þarfir þeirra barna sem sækja frístundaheimilið. Garðahraun – sértæk frístund er frístundaheimili fyrir börn með sérþarfir í 5.-10. bekk. Meginhlutverk Garðahrauns er að bjóða börnum með sérþarfir í 5.-10. bekk í grunnskólum Garðabæjar upp á fjölbreytt og skapandi tómstundastarf eftir að hefðbundum skóladegi lýkur. Markmið frístundarinnar er að veita börnum sem þar dvelja öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagðar tómstundir við hæfi hvers og eins. Rúna benti á hvaða eiginleika aðstaða fyrir börn með mismunandi raskanir þyrftu að hafa. Hún sagði að það væri gott fyrir börn með raskanir að geta breytt til og farið í minni rými til að njóta næðis, s.s. hugleiðsluherbergi.

Anna Karólína, frá Íþróttasambandi fatlaðra, ræddi því næst íþróttir fatlaðra. Hún benti á að íþróttir fatlaðra þyrftu ekki endilega stóra sali og sagði að fatlaðir íþróttamenn gætu nýtt sömu aðstöðu ófatlaðir. Í því sambandi væri þó mjög mikilvægt að huga að aðgengismálum fyrir hreyfihamlaða, blinda og sjónskerta. Anna lagði áherslu á að fatlaðir eru fjölbreyttur hópur sem getur æft og keppt í mörgum íþróttagreinum með ófötlum. Hún nefndi síðan hugmyndir um „hreyfiland“, þ.e. sali þar sem hægt væri að vinna með fjölbreytt áreiti til örvunar skynfæra. Slíkt hentaði einnig ófötlum börnum.

Pála Marie, umsjónarproskapjálfi á fjölskyldusviði Garðabæjar, ræddi síðan þá þjónustu sem Garðabær veitir fötlum börnum og ungmennum. Hún tók undir að mikilvægt væri að hafa í huga að fatlaðir eru fjölbreyttur hópur með margvíslegar og mismunandi þarfir, rétt eins og ófatlaðir. Pála benti á að fatlaðir einstaklingar í Garðabæ sækja þjónustu út fyrir Garðabæ sem vel mætti koma upp í Miðgarði.

Þær upplýsingar og sú innsýn sem Rúna, Anna Karólína og Pála Marie veittu ÍTG var ráðinu afar gagnleg og hjálpsamleg. Íþrótt- og tómstundaráð þakkar þeim kærlega veitta aðstoð í þessari vinnu.

5. Sjálfstætt starfandi aðilar

Í vinnu sinni varð ÍTG áskynja um áhuga sjálfstætt starfandi og einkarekinna aðila sem vinna að heilsutengdri starfsemi. Rætt var við nokkra af þessum aðilum en hugmyndir þeirra sneru allt frá því að taka á leigu tiltekinn fermetrafjölda yfir í að leigja tíma í sölum. Áhuginn sneri að því að vera með greiningar, meðferð og þjálfun bæði almennings og íþróttafólks í Miðgarði. ÍTG telur að það fari vel saman við tilgang og markmið Garðabæjar með fjölnota íþróttahúsi sem nýtist öllum bæjarbúum.

ÍTG álitur hlutverk sitt það að áætla heildarstærð sem nýst gæti í heilsutengda starfsemi sjálfstætt starfandi aðila en að rýmið verði síðan innréttað eftir þörfum hvers aðila fyrir sig. Tillaga ÍTG gengur þannig út frá því að rými, sem ætlað er sjálfstætt starfandi aðilum, verði auglýst til leigu og þannig óskað eftir umsóknum áhugasamra aðila. ÍTG telur mikilvægt að í umsóknum þessara aðila verði greint frá því hversu stórum hluta verði varið til (a) einkaafnota, (b) annað sérhæft rými sem viðkomandi geti nýtt með öðrum (s.s. móttaka, salerni, búningaöstaða, sérhæfður tækjasalur o.fl., og c) önnur rými í Miðgarði sem nýtast íþróttafólki eða viðskiptavinum í endurhæfingu og heilsuefingu.

6. Tillaga ÍTG um nýtingu á rými á 2. og 3. hæð í Miðgarði

6.1. Forsendur tillögunnar

Þegar húsið var teiknað af ASK arkitektum hafði ekki verið ákveðið hvað ætti að vera á 2. og 3. hæð í suðurenda Miðgarðs. Arkitekt hússins varð þó að teikna upp bráðabirgðateikningu í frumhönnun svo hægt væri að staðsetja lyftuhús, lagna- og loftræstikerfi og flóttaleiðir fyrir hverja þá starfsemi sem þar yrði hýst.

Í frumteikningum er gróflega gert ráð fyrir á 2. hæð; kaffiteríu sem þjónað geti öllu húsinu, heilsutengdri starfsemi og einhverjum skrifstofum. Á 3. hæð; salir sem hægt væri að skipta upp að einhverju leyti og/eða haft sérhæfð notagildi. Þá var gert ráð fyrir votrýmum á hvorri hæð og pípulögnum stillt upp í húsinu eftir því. Tengileiðir eru á hvorum enda beggja hæðanna út í stigagang en í miðjunni er lyftu- og stigahús. Á jarðhæð er anddyri inn í lyftu- og stigahús sem opnar á þann möguleika að þeir gestir sem eiga erindi á 2. og 3. hæð hússins geti farið um þann inngang en ekki aðalinngang á suðvesturhorni Miðgarðs.

Arkitekt Hússins, Helgi Már Halldórsson, kom á fund ÍTG 31. ágúst 2022 og útskýrði forsendur við hönnun byggingarinnar sem ráðið tók mið af við gerð þessarar tillögu, s.s. sjónarmið um aðgengi, loftræstingu, gluggaskipan, flóttaleiðir, votrými, vatnslagnir, raflagnir, aðgangsstýringar o.fl.

- Um er að ræða tvær hæðir í suðurenda byggingarinnar yfir lyftinga- og þrekæfingasvæðinu. Hvor hæð er um 1600 fermetrar, óinnréttaðar en tilbúnar undir tréverk.
- Loftræsissamstæðu vantar í rýmið en gert er ráð fyrir henni í herbergi á 3. hæð.
- Þrír inngangar eru mögulegir í húsnæðið, einn í hvorum enda og einn fyrir miðju. Lyfta er í stigahúsi fyrir miðju og önnur úr aðalanddyri hússins sem tryggir gott aðgengi. Utan við húsið eru fimm merkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða.
- Gert er ráð fyrir framleiðslueldhúsi á 2. hæð með tilheyrandi lögnum. Einnig er gert ráð fyrir votrýmum (salernis- og ræstiaðstaða) á hvorri hæð.
- Gluggar vísa í suður út úr byggingunni en einnig í norður, inn í fótboltasal og á göngubrautina.

Bráðabirgðateikningar og ákvæði byggingareglugerðar leiða til þess að íprótta- og tómstundaráð er bundið við ákveðnar forsendur og sjónarmið sem ráðið tók mið af.

Sjónarmið vegna brunavarna

Þrjú stigahús eru í suðurenda Miðgarðs. Eitt í anddyri hússins, eitt fyrir miðju suðurhliðar og eitt austast í suðurhlið hússins. Í byggingareglugerð eru ákvæði um að stigahús þurfi að tengjast umferðarleiðum innanhúss vegna rýmingar. Þannig verða stigahúsin þrjú öll að tengjast umferðar- og rýmingarleiðum innan hæðanna. Öll hönnun á rýminu er þannig bundin af þessum ófrávíkjanlegum ákvæðum byggingareglugerðar.

Sjónarmið vegna pípulagna

Við frumhönnun á húsinu var frárennslistútum komið fyrir á nokkrum stöðum við botnplötu suðurhliðar hússins. Til þessara frárennslistúta þarf að koma öllu frárennsli frá salernum á 2. og 3. hæð. Þetta rígbindur ekki staðsetningu salerna í húsinu en mikilvægt er að hafa frárennslistúta í huga þegar salernisaðstaða, búningsklefar og önnur votrými eru skipulögð í húsinu.

Sjónarmið vegna frárennslistúts eldhúss

Frárennslistútur sem tengist svokallaðri „fituskilju“ er við bakvegg hólfs sem er á bakvið klifurvegg í Íþróttasal Miðgarðs. Hvers konar eldhúsaðstaða sem fyrirhuguð er í óráðstafaða rýminu verður að tengjast þessum frárennslistút og því er æskilegt að staðsetning eldhúss sé sem næst stútnum. Tekið er mið af því í tillögu ÍTG.

Sjónarmið vegna lofthæðar

Fremur lágar lofthæðir eru að vissu leyti bindandi, þá m.t.t. þess hvar hægt sé að koma stofnum lagnakerfa að. Mat arkitekts hússins er að líklegasti og e.t.v. heppilegasti staðurinn fyrir lagnakerfið væri með fram suðurútveggnum eða veggnum sem snýr að íþróttasal.

6.1.1. Mögulegt tímabundið skólahald í óráðstafaða rýminu

Þegar vinna ÍTG var vel á veg komin komu upp hugmyndir um að nýta óráðstafað rýmið mögulega tímabundið til skólahalds vegna viðhalds á öðrum skólabyggingum í bænum. Einnig hafa komið upp sjónarmið um að nýta rýmið tímabundið í skólahald fyrir nýju hverfin sem eru að myndast í Hnoðraholti og Vetrarmýri. Engin ákvörðun hefur verið tekin um slíkt en ÍTG leggur áherslu á, að komi til þess að rýmið verði nýtt í skólahald, að það verði innréttað á þann hátt að sem auðveldast verður að umbreyta rýminu í það form sem ráðið leggur til með tillögunni sinni hér.

6.2. Almennt um tillögu ÍTG

ÍTG fundaði sem áður segir 10 sinnum um óráðstafaða rýmið í Miðgarði. Farið var yfir hugmyndir almennings og niðurstöður samráðs við frjálsu félögin í bænum, ungmennaráð, öldungaráð og félög eldri borgara, Íþróttasamband fatlaðra, Frístundaheimilið Garðahraun og fjölskyldusvið Garðabæjar. ÍTG var sammála um að töluverður samhljómur var á milli félaga í bænum sem töldu sig þurfa fjölnota sali sem þau gætu nýtt með öðrum. Hugmyndir almennings voru teknar til umræðu og tók ráðið mið af þeim en einnig var samhljómur meðal hugmynda almennings og frjálsu félaganna í bænum. Skipta mátti hugmyndum almennings í tvennt, annars vegar fjölnota sali og hins vegar sérhæfð rými. Tekin var ákvörðun um að í tillögu ÍTG fengju sérhæfð rými aðstöðu á 2. hæð á meðan 3. hæð yrði nýtt í fjölnota sali.

ÍTG reyndi að mæta hugmyndum almennings um kaffíteríu, líkamsræktarsal fyrir eldri borgara, leikjasal fyrir börn og heilsumiðstöð á 2. hæð.

Í vinnu ÍTG var rætt um hvernig hvert rými gæti nýst sem best yfir allan daginn. Til að mæta sem flestum hugmyndum bæði almennings og frjálsu félaganna er ljóst að rýmin þurfa að sinna margvíslegum hlutverkum, allt frá því að taka fundi og samsæti yfir í dans, leikfimi og annað. Þeim skilaboðum var beint til arkitekts að teikna rýmið upp með fjölnýtingarmöguleika af þessu tagi í huga og þannig var lögð áhersla á færanlegar veggeiningar í því skyni að hægt væri að stækka og minnka hvert rými og þannig auka nýtingarmöguleika þess.

Við vinnu sína reyndi ÍTG að kortleggja hvaða starfsemi myndi nýta rýmið fyrir part dags og hvaða starfsemi seinni part dags.

- Fyrri part dags:
 - Heilsuefling almennings, meðferðaraðilar í heilsumiðstöð, Félag eldri borgara í Garðabæ, Janus-heilsuefling eru dæmi um starfsemi sem nýtir húsnæði fyrripart dags. Einnig kennsla í grunn- og leikskólum.
- Seinni part dags:
 - Æfingar hjá Taflfélagi Garðabæjar, Júðófélagi Garðabæjar, Karatefélagi Garðabæjar, Ungmennafélaginu Stjörnunni, sem og fundir annarra félaga og/eða samtaka. Einnig starfsemi ungmennaráðs.

Einnig var sérstaklega hugsað um hvaða starfsemi væri skyld og gæti þannig nýtt sömu salina.

- Dýnusalir:
 - Júðófélag Garðabæjar, Karatefélag Garðabæjar, kríllaleikfimi, leikfimi fullorðinna o.s.frv.
 - Sjá mætti fyrir sér að Júðófélagið hefði fasta aðstöðu í dýnusal frá 14:30 en fram að því gætu FEBG og jógaþópar nýtt þá aðstöðu.
- Parketsalir:
 - Dans, leikfimi fullorðinna, stólajóga, Taflfélag Garðabæjar, borðtennis, pool og aðrir sem einfaldlega þurfa gólfplöt eða fundaaðstöðu.

Lögð er áhersla á gott aðgengi fyrir alla á bæðum hæðum og breiður gangur leiðir fólk um hæðirnar tvær. ÍTG leggur áherslu á að gangurinn og öll rými verði hönnuð á þann hátt að hreyfihamlaðir, sjónðaprir og blindir eigi greiðan aðgang að öllum rýmum á 2. og 3. hæð, sem og í húsinu öllu.

6.3. 2. hæð

Á 2. hæð er gert ráð fyrir sérhæfðari rýmum og heilsumiðstöð.

Í tillögu ÍTG er eftirfarandi á 2. hæð:


- Tæknirými
- Skrifstofur
- Leikjasalur
- Kaffitería
- Eldhús
- Fundaaðstaða
- Votrymi/ræsting/geymsla
- Tækjasalur
- Heilsumiðstöð

Hér að neðan er nánari skýring á hverju rými fyrir sig.

Tæknirými (15,0 m²)

Gert er ráð fyrir 15 fermetra tæknirými austast á 2. hæð. Tæknirými eru rými sem hýsa rekstrarleg tæki og samstæður í mannvirkjum skv. byggingarreglugerð.

Skrifstofur (um 85 m²)



Gert er ráð fyrir tveimur skrifstofurýmum sem eru um 85 fermetrar að stærð. Rýmið á m.a. að hýsa skrifstofu forstöðumanns Miðgarðs.

Leikjasalur (86,4 m²)

Þegar gengið verður inn í rýmið á 2. hæð er gert ráð fyrir að það fyrsta sem að augum ber sé leikjasalur sem einkum er ætlaður yngstu börnunum. Þannig mætti sjá fyrir sér að hægt væri hafa frístund í rýminu en einnig að yngri börn leiki sér í leikjasalnum á meðan þau og foreldrar bíða eldri barna sem eru á æfingum í húsinu.

Kaffitería (218,0 m²)

Snemma á annarri hæð er gert ráð fyrir kaffiteríu og biðstofu sem er um 218 fermetrar að stærð.

Hugmyndin með kaffiteríunni er að hún geti þjónustað aðra starfsemi í húsinu yfir daginn. Þannig má sjá fyrir sér að foreldrar sem bíða barna sinna á meðan þau eru á æfingu geta setið þar og nýtt rýmið t.d. til að klára vinnudaginn, lesa eða hreinlega njóta lífsins í aðlaðandi og hlýju umhverfi. Að sama skapi gætu ungmenni nýtt aðstöðuna og aðliggjandi rými í lærdóm og félagsskap. Einnig má sjá fyrir sér að kaffiterían yrði notuð sem biðrymi fyrir heilsumiðstöðina og jafnvel mætti samnýta starfsmann við reksturinn. Kaffiterían yrði þannig að lifandi rými í húsinu sem ungir sem aldnir gætu komið saman og notið samverunnar í lifandi heilsumiðstöð.

Eldhús (55,0 m²)

Gert er ráð fyrir framreiðslueldhúsi sem þjónustað gæti bæði kaffiteríuna, matsal/kaffistofu sjálfstætt starfandi aðila í húsinu, sem og veislusal á þriðju hæð. Eldhúsaðstaðan verður að vera sem næst frárennslistút sem tengist svokallaðri „fituskilju“ og því var eldhúsinu valinn þessi staður í rýminu.

Fundaaðstaða (83,7 m²)

Gert er ráð fyrir um 80 fermetra sal sem nýta mætti í fundahöld. Einnig mætti sjá fyrir sér að félög í bænum gætu nýtt rýmið í æfingar, fundi eða minni samkomur.

Votrymi/ræsting/geymsla (37,9 m²)

Gert er ráð fyrir um 38 fermetra í rými sem gæti nýst í votrymi, þ.e. sturtur, salerni, gufuböð o.s.frv., eða geymslur og ræstiklefa.

Tækjasalur (135,9 m²)

Gert er ráð fyrir að þá taki við tækjasalur sem þjónustað gæti heilsumiðstöð sem er austast í rýminu. Einnig er gert ráð fyrir að félög eldri borgara í bænum eða aðrir þeir aðilar sem vinna að heilsueflingu eldra fólks geti notað þá aðstöðu í heilsurækt.

Heilsumiðstöð (584,6 m²)

Innst í rýminu er gert ráð fyrir um 585 fermetra heilsumiðstöð sem hýst gæti t.d. meðhöndlunarrými sjúkráþjálfara, kírópraktora, lækna, sálfræðinga og annarra sem vinna að heilsueflingu.

6.4.3. hæð

Á 3. hæð er gert ráð fyrir sjö fjölnota sölum, skrifstofurými, votrými, opnu rými og geymslurými.


Fjölnotasalir og skrifstofur

Fjölnotasalirnir eru sjö talsins á 3. hæð og eru hugsaðir fyrir frjálsu félögin í bænum. ÍTG telur það ekki hlutverk sitt að eyrnamerkja salina að svo stöddu en í dæmaskyni er möguleg nýting á hverju rými sett inn. Með sölunum ætti að vera unnt að mæta þörfum þeirra félaga sem óskuðu eftir rými í Miðgarði en ÍTG gengur út frá því að úthlutun á tíma í sölunum til félaganna verði unnin í samráði við íþrótt-, forvarna- og tómstunda–fulltrúa og forstöðumann Miðgarðs.

Ítrekuð er sú áhersla ÍTG að gott aðgengi sé að sölunum m.t.t. til þarfa fatlaðra barna, hreyfihamlaðra, sjónðapra og blindra. Íþrótt-, tómstunda- og félagsstarf fatlaðra mun geta átt aðstöðu í húsinu og leggur ÍTG áherslu á að reynt verði eftir fremsta megni að mæta þörfum þeirra aðila sem halda úti þess konar starfi í húsinu.

Nú þegar hefur einn salur verið innréttaður, þ.e. um 90 fermetra salur sem er í rýminu við stigahús vestast, og hefur Taflfélag Garðabæjar m.a. notað aðstöðuna þar til æfinga.

Gert er ráð fyrir því að felliveggir verði á milli sala sem gerir það að verkum að skipta má þeim upp í minni sali. Þannig getur einnig einn stór salur verið nýttur í stærri námskeið, fundi, veislur eða ráðstefnur. Séu allir veggir felldir inn yrði sá salur um 570 fermetrar.



Mynd 3 – Teikning af 3. hæð í samræmi við tillögu ÍTG. Athugið að um bráðabirgðateikningu er að ræða.

Innst í rýminu (austast) er gert ráð fyrir fjölnotasal sem er um 286 fermetrar að stærð. Hugmyndin er að sá salur geti bæði verið nýttur í plássfrekar íþróttir eins og karate, júdó eða Taekwondo, dansæfingar, leika- og boltanámskeið o.s.frv., en líka verið hátíðarsalur í rýminu. Þannig gæti hátíðarsalur í rýminu hvort tveggja verið um 286 fermetrar eða þá stækkaður salur sem er um 570 fermetrar.

Hátíðarsalurinn gæti þannig verið notaður af félögum í bænum fyrir aðalfundi eða aðrar veislur. Félög í bænum, þ. á m. Stjarnan hafa lagt mikla áherslu á rými af þessu tagi í Miðgarði. Einnig má sjá fyrir sér að íbúar geti nýtt rýmið í alls kyns veislur, s.s. fermingar, skírnir, brúðkaup eða afmælisveislur. Sjá má fyrir sér að opna rýmið fyrir framan þjóni einnig þessum sal og geti virkað sem móttaka gesta. Gestir munu getað komið að salnum í gegnum stiga- og lyftuhús sem er fyrir miðju hússins.

Eldhúsaðstaða á 2. hæð gæti verið nýtt sem framreiðslueldhús fyrir veislur og fundi í rýminu. ÍTG leggur áherslu á að við efnisval í rýminu, s.s. við val á gólfefni, lýsingu o.s.frv., verði þetta hlutverk hátíðarsalarins haft í huga.

Á teikningunni er einnig gert ráð fyrir um 35 fermetra skrifstofurými sem hugsa má að nýtt verði t.d. í leikgreiningar fyrir knattspyrnu-, handknattleiks- eða körfuknattleiksdeildir félaga í bænum. Einnig má hugsa sér að það rými verði nýtt í næðisrými fyrir börn með sérþarfir í huga.

Votrými og ræsting

Á teikningunni er gert ráð fyrir tveimur rýmum fyrir votrými og ræstingu. Votrými getur verið salernisaðstaða, sturtur, gufuböð, heitir og kaldir pottar o.s.frv. Vestast í húsinu er gert ráð fyrir votrými sem hugsað er til þess að þjónusta hæðina með salernisaðstöðu.

Geymslurými (samals um 130 m²)

Gert er ráð fyrir þremur geymslurýmum á 3. hæð. Geymslurýmið eru hugsað sem rými þar sem félög í bænum og aðilar sem nýta salina á 3. hæð geta geymt nauðsynlegan búnað, s.s. borðtennisborð, taflborð og búnað, dýnur fyrir júdó, karate o.s.frv.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Mynd 4 – Teikning af 2. og 3. hæð saman í samræmi við tillögu ÍTG. Athugið að um bráðabirgðateikningu er að ræða.

7. Lokaorð

Í ágústmánuði 2022 var íþrótt- og tómstundaráði Garðabæjar falið að hefja vinnu við skipulagningu á óráðstöfuðu rými í nýju fjölnota íþróttahúsi Garðabæinga í Miðgarði. Ráðið hófst þegar handa, setti starfsáætlun og kom sér saman um verk- og vinnulag.

Í samþykkttri tillögu bæjarstjórnar var því beint til ráðsins að hafa það til hliðsjónar við vinnu sína að rýmið nýttist sem flestum Garðabæingum, bæði ungum og öldnum, og styðji og auki við þá fjölbreyttu flóru almennrar lýðheilsu, íþrótt- og heilsutengdrar starfsemi sem fyrirfinnst í bænum. Þannig átti ráðið að horfa sérstaklega til þess að mæta ólíkum hópum, fótluðum sem ófótluðum, jafnt keppnismiðuðum íþróttum sem og annarri ástundun og hreyfingu sem styðja við forvarnir og heilsuefingu bæjarbúa. Með öðrum orðum, í Miðgarði skulu dyr standa öllum Garðabæingum opnar og innan þeirra á að vera öflug og metnaðarfull heilsu- og íþróttatengd starfsemi. Íþrótt- og tómstundaráð hafði þetta markmið í huga við vinnu sína, meðvitað um það að bygging án markmiðs missir marks. Stefnt er að því að Miðgarður verði lifandi samfélagsmiðstöð þar sem leitast er við að auka og varðveita heilbrigði til sálar og líkama.

Í því skyni að ná þessu markmiði leitaði ráðið samráðs við íbúa, frjáls félög í bænum og ýmsa aðra hagaðila, eins og ungmenna- og öldungaráð, fjölskyldusvið Garðabæjar, Frístundaheimilið Garðahraun og Íþróttasamband fatlaðra.

Greinilegur áhugi er meðal íbúa í Garðabæ á Miðgarði og sendu fjölmargir inn hugmynd um mögulega nýtingu á rýminu. Sömu sögu má segja um félögin í bænum og aðra þá sem áttu gott samráð við ráðið. Íþrótt- og tómstundaráð þakkar sýndan áhuga og gott samstarf þeim sem mættu á fundi þess eða sendu erindi. Ráðið þakkar einnig þeim starfsmönnum Garðabæjar sem lögðu því lið og ómetanlega aðstoð.

Samhugur og metnaður einkenndi fundi og allt starf tengt verkefninu. Ég vil þakka öðrum nefndarmönnum gott og gefandi samstarf sem hefur verið allt í senn skemmtilegt, krefjandi, hvetjandi og uppörvandi. Hér leggjum við fram tillögu íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar um nýtingu á óráðstöfuðu rými á 2. og 3. hæð Miðgarðs í þeirri von að heill fylgi húsinu og þeim sem sækja í íþróttamiðstöðina endurnýjaðan líkamlegan og andlegan kraft.

Fyrir hönd íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar,
Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður.